

Reglur um úthlutun listamannahússins Varmahlíðar í Hveragerði

1. grein

Menningar-, atvinnu- og markaðsnefnd úthlutar dvöl til listamanna. Horft er til allra listamanna, óháð því hvort þeir séu í fagfélagi fyrir sína listgrein.

2. grein

Auglýst er eftir umsóknum um dvöl í Varmahlíð í nóvember ár hvert og er úthlutað á fundi menningar-, atvinnu- og markaðsnefndar í desember fyrir komandi ár. Húsinu er úthlutað í 2 til 4 vikur í senn, listamönnum að kostnaðarlausu.

Hveragerðisbær áskilur sér rétt til að ráðstafa húsinu á annan hátt ef þörf er á.

3. grein

Þeir sem hafa fengið úthlutað sl. tvö ár hafa ekki forgang en geta fengið úthlutun ef tímabil gengur af.

4. grein

Leitast skal við að fjölbreytni listgreina endurspeglis í úthlutun hússins ár hvert þannig að sem flestar listgreinar eigi fulltrúa í Varmahlíð við hverja úthlutun. Við úthlutun skal horft til þess hvort verkefnið hafi fræðilegt eða hagnýtt gildi eða þyki að öðru leyti áhugavert viðfangsefni. Einnig er horft til tengingar verkefnisins við Hveragerði og nágrenni. Þá skal þess gætt að sem eðlilegust skipting sé milli kynja. Úthlutunarnefndinni er heimilt að leita álits sérfræðinga um umsækjendur og þau verkefni sem þeir hyggjast vinna að ef hún telur þörf á.

5. grein

Óskað er eftir því að þeir listamenn sem fá úthlutað dvöl í Varmahlíð kynni verkefni sín og listgrein fyrir bæjarbúum með einhverjum hætti. Menningar-, atvinnu- og markaðsfulltrúi er til samráðs um slík verkefni.

6. grein

Úthlutun menningar-, atvinnu- og markaðsnefndar Hveragerðis skal kynnt á heimasíðu bæjarins.

Reglur þessar taka gildi þann 1. nóvember 2024